



MOSFELLSBÆR

Opnað fyrir umsóknir í Klörusjóð

Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum í nýsköpunar- og þróunarsjóð skóla- og frístundastarfs Mosfellsbæjar.

Markmið sjóðsins er að stuðla að nýsköpun og framþróun í skóla- og frístundastarfi í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar.

Veittir eru styrkir einu sinni á ári úr sjóðnum.

Í nýsköpunar- og þróunarsjóðinn geta sótt einstaka kennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við skóla/frístund í Mosfellsbæ, einn skóli eða fleiri skólar/ fagaðilar í sameiningu sem og fræðslu- og frístundasvið í samstarfi við skóla.

Áherslan í ár er á upplýsinga- og tæknimál.

Sótt er um rafrænt í gegnum Íbúagátt Mosfellsbæjar.

Umsóknarfrestur er til 28. maí 2020.

Nánari upplýsingar má finna á: mos.is/klorusjodur

Nafn sjóðsins, Klörusjóður, er til heiðurs Klöru Klængsdóttur (1920-2011). Klara útskrifaðist frá Kennaraskóla Íslands árið 1939 og hóf sama ár kennslu við Brúarlandsskóla. Hún starfaði alla sína starfsævi sem kennari í Mosfellsbæ.

